

Föstudaginn 15. júní 1990.

Nr. 232/1990. **Ágúst Fjeldsted hrl.**

f.h. Den Københavnske Bank A/S

gegn

Kristínu Gunnarsdóttur.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. apríl sl. Kærður er frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur 6. s.m. Vitneskja um dóminn barst umboðsmanni sóknaraðila ekki fyrr en 25. s.m. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að halda efnismeðferð málsins áfram. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Málavextir eru reifaðir í hinum kærða dómi. Á það má fallast með héraðsdómara, að upphaflegur málatilbúnaður sóknaraðila hafi ekki nægilega uppfyllt ákvæði 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 54/1988. Þó er rétt að hafa í huga, að svo mátti virðast sem málið væri einfalt skuldamál.

Á hitt ber jafnframt að líta, að varnaraðili mótmælti því ekki, að málatilbúnaður sóknaraðila yrði bættur og skýrður, og þinghöld í málinu gefa til kynna, að því hafi með samþykki hans ítrekað verið frestað í þessu skyni. Sóknaraðili hefur nú lagt fram viðbótargögn, sem væntanlega geta orðið grundvöllur áframhaldandi meðferðar málsins. Ber þá að líta til 114.-116. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Er því ekki, eins og nú er komið málinu, rétt að vísa því frá bæjarþinginu. Að þessu athuguðu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að halda efnismeðferð málsins áfram.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðs-dómara að halda efnismeðferð málsins áfram.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. apríl 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 30. mars sl., hefur Ágúst Fjeldsted hrl. höfðað f.h. Den Københavnske Bank A/S, Östergade 6, Kaupmannahöfn, á hendur Kristínu Gunnarsdóttur, Óðinsgötu 14, Reykjavík, með stefnu birtri 17. nóvember 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða 80.836,92 danskar krónur með 17% ársvöxtum af 76.554,17 dönskum krónum frá 1. október 1987 til 1. febrúar 1988, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, en með 15% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefndu er þess krafist aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að stefnda verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Málflutningur um frávísunarkröfu stefndu fór fram 30. mars sl.

Í stefnu er eftirfarandi lýsing kröfu: „Skuld þessi er skv. útskrift úr reikningi stefndu hjá stefnanda, svokölluðum „kassekredit“ reikningi númer 200366-2, dags. 30.09.87, og nam skuld stefndu skv. nefndri reikningsútskrift hinn 30.09.87 d.kr. 80.836,92, sem er stefnufjárhæðin. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir greiðslutilmæli og er málssókn því nauðsynleg. Við þingfestingu verður lagt fram af hálfu stefnanda m.a. ofangreind útskrift úr „kassekredit“ reikningi og kröfubréf.“

Í greinargerð stefnanda eru talin upp 4 skjöl, sem lögð voru fram við þingfestingu af hálfu stefnanda, en þau voru stefna, greinargerð, útskrift úr „kassekredit“-reikningi og afrit kröfubréfs. Síðan segir: „Um máltilbúnað visast til stefnu og annara framlagðra skjala og er málið lagt í dóm með fyrirvara um frekari kröfugerð, gagnaöflun, málsástæður og málsútlistanir.“

Eftir að dómari tók við málinu, hefur verið þingað í því 13 sinnum og lögð fram 16 skjöl af hálfu stefnanda, jafnframt því sem sættir hafa verið reyndar án árangurs.

Stefnandi hefur með framlagningu nefndra gagna bætt nokkuð úr þeim annmörkum, sem voru á málatilbúnaði hans í upphafi, hvað málavexti snertir. Á hitt er að líta, að málatilbúnaður stefnanda í upphafi er brýnt brot á ákvæðum 88. gr. og 105. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, með því að engin skýr grein er gerð fyrir málavöxtum, málsástæðna og lagaraka þeirra, sem stefnandi vill bera fyrir sig, að engu getið og stefndu því óhægt um vik með varnir. Þykir stefnandi ekki gegn eindregnum andmælum gagnaðila síns hafa komið málinu í það horf, að komist verði hjá því að vísa því frá dómi, og verður því krafa stefndu um frávisun þess tekin til greina.

Málskostnaður ákveðst 45.000 krónur, þ.m.t. virðisaukaskattur.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi, Den Københavnske Bank A/S, greiði stefndu, Kristínu Gunnarsdóttur, 45.000 krónur í málskostnað.
